

**Ed.**

**574. Lög**

um viðauka við lög um veð, nr. 18 4. nóv. 1887, og lög um viðauka við þau lög, nr. 34 31. maí 1927.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí).

1. gr.

Aftan við 1. gr. laga nr. 34 31. maí 1927 (4. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887) komi:  
Ákvæði 89. gr. skiptalaga, nr. 3 12. apríl 1878, gilda eigi um veðrétt þennan, að undanteknum kröfum þeim, er um ræðir í 3. og 5. lið 83. greinar þeirra laga.

2. gr.

Aftan við 6. gr. laga nr. 18 4. nóv. 1887 komi:

Svo er og þeim, er veðsetur skrásett skip, rétt að semja svo um, að skipinu skuli, auk venjulegs fylgifjár, fylgja aðrir lausafjármunir, sem ætlaðir eru til notkunar á skipinu, svo sem kola- og oliubirgðir þær, sem í skipinu eru í hvert skipti, veiðarfæri, skipsbúnaður og önnur áhöld.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.